



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2024

Efni: Tilvísanir heilsugæslulækna vegna barna

Umboðsmanni barna hafa borist erindi vegna tilmæla félags íslenskra heimilislækna til félagsmanna sinna að hætta að skrifa út tilvísanir vegna barna til barnalækna og annarra sérgreinalækna. Markmið aðgerðanna er að knýja fram kerfisbreytingar sem deilt hefur verið um í áraraðir og hefur stjórn Læknafélags Reykjavíkur einnig lýst yfir stuðningi við kröfur lækna um að tilvísanaskyldan verði aflögð. Samkvæmt upplýsingum embættisins er ljóst að verklagi hefur víða verið breytt til samræmis við þessar áskoranir. Hefur það óneitanlega leitt til skertar þjónustu við börn innan heilbrigðiskerfisins, enda er sú framkvæmd í andstöðu við skyldur heimilislækna og reglugerð um tilvísanir fyrir börn nr. 313/2017.

Samkvæmt 24. gr. Barnasáttmálans, sem lögfestur hefur verið hér á landi með lögum nr. 19/2013, eiga börn rétt á að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja og bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á. Umboðsmaður barna lýsir yfir áhyggjum af því ástandi sem skapast hefur og mögulegum áhrifum þessara deilna á heilsufar og hagsmuni barna. Hvetur umboðsmaður því heilbrigðisráðherra og Sjúkratryggingar Íslands eindregið til þess að leita allra leiða til að leysa þennan vanda eins skjótt og auðið er, og áréttar mikilvægi þess að gætt sé að réttindum barna samkvæmt Barnasáttmálanum.

Óskar umboðsmaður barna þess sérstaklega að embættinu verði haldið upplýstu um framhald málsins og viðbrögð ráðuneytisins við erindi þessu.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna

Afrit: Sigurður H. Helgason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands.
Félag íslenskra heimilislækna